



2. apríl  
2020

## Sjálfbær ferðapjónusta á Norðurslóðum

Svædisgarðurinn Snæfellsnes hefur s.l. þrjú ár tekið þátt í verkefni um sjálfbæra ferðapjónustu á Norðurslóðum; Shape: [shapingecotourism.eu/](http://shapingecotourism.eu/)

Nú er komið út sjötta og síðasta fréttabréf verkefnisins en því er nú að ljúka. Þar má m.a. lesa um reynslu Snæfellinga. Það hefur verið ómetanlegt að taka þátt í verkefninu, vera hluti af stóru tengslaneti, læra af öðrum þjóðum en finna líka að við höfum mörgu að miðla.

Samstarfsaðilarnir hafa tvisvar heimsótt Snæfellsnes og urðu heilluð af umhverfinu og hvernig heimamenn eru að nýta það. Hvert þáttökuland valdi sér tvö verkefni og hjá okkur var það Umhverfisstefna fyrir Gestastofu Snæfellsnes og Strandleið um Snæfellsnes.

Hér: [snaefellsnes.is/annad-efni](http://snaefellsnes.is/annad-efni) má sjá hluta af þeirri þekkingu sem var safnað í samstarfinu, handbók fyrir vörubrúun í ferðapjónustu á Snæfellsnesi, um þemaleiðir og verkfæri til að vinna umhverfisstefnu. Næsta skref er að gera ferðaleiðirnar sýnilegar, nú er búið að fjármagna fyrsta hluta þess og afraksturinn kemur í ljós á þessu ári.

## Menntun er máttur

Nú gefst mörgum tími til sí- og endurmenntunar. Hæfnissetur Ferðapjónustunnar [www.facebook.com/Haefnissetur](http://www.facebook.com/Haefnissetur) hefur tekið saman nokkur gagnleg forrit og öpp sem geta nýst í stafrænu námi og kennslu.



Shape lærdómsferð á Snæfellsnes 2019; Sögustund við Lóndranga. Svædisgarðurinn Snæfellsnes



Erindi á Shape ráðstefnu Svædisgarðurinn Snæfellsnes

## Áskorendahornið

Áslaug Sigvaldadóttir opnaði fésbókina sína í gærkveldi og gaf okkur innsýn í líf sitt og störf og lagði út frá því hvað það er að vera Snæfellingur.

Hún skoraði á æskuvin sinn, Magnús A. Sigurðsson í Stykkishólmi, sem verður í beinni útsendingu á sinni fésbók kl. 20 í kvöld (2. apríl 2020) þannig að nú svífur boltinn yfir fjallgarðinn á ný.

## Spurning dagsins

Hvaða plöntur eru þetta og hvar er þær helst að finna? Hver er tenging þeirra við Snæfellsnes?



Fisk á diskinn minn Viðvík

Útsýni skiptir máli Hótel Búðir

Kræklingur og hörpuskel Sjávarpakkhúsið

## Matarauður Snæfellsnes

Einmitt núna er í gangi málþing á vegum Matarauðs Íslands [www.matarauður.is](http://www.matarauður.is), en Svædisgarðurinn er með kynningu á Sælkeriferðum um Snæfellsnes eftir hádegi.

Margt mjög áhugavert hefur komið fram og undirrituð hefur t.d. lært tvö ný orð í morgunn: skemmtimennt (mennta sig í gegn um skemmtun) og Samvisekusefandi ferðapjónusta (umhverfismál, ábyrgð, hollusta, dýravelferð).

Unnið er að matardagatali og góð dæmi voru kynnt um það hvernig má styrkja eftirspurn eftir stað- og svæðisbundnum matvælum. Draga fram sérkenni landshluta og matarmenningar.

Hvernig neysluhegðun íbúa og orðræða hefur áhrif.

Hvernig sögur skipta máli.

Samkvæmt nýlegri könnun hafa t.d. 71% ferðamanna gaman af því að segja sögu um matarupplifun sína.

Straumar og stefnur.

Dreifikerfi á mat úr héraði, kynningar myndbönd sem rúlla á veitingastöðum og í verslunum.

Laufey Haraldsdóttir orðar kjarnann í umræðunni nokkuð vel: hvernig þú borðar mat en bragðar svæði. Markaðssetning vísi til gæða og landfræðilegs uppruna.

Hér á Snæfellsnesi er verið að gera margt gott, en margt er ógert enn, tækifærin mörg. Svædisgarðurinn hvetur öll fyrirtæki til að skapa sér sérstöðu/draga hana fram, varpa á hana ljósi og segja af henni sögur. Þetta þarf ekki að vera flókið en verður að vera ekta og gott.